



## Menningar- og fegrunarnefnd 5. desember 2008

18. Fundur menningar- og fegrunarnefndar Blönduós bæjar var haldin fimmtudaginn 5. des kl. 17.00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Þórhallur Barðarson, formaður setti fundi og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Ingibergur Guðmundsson framkvæmdastjóri Menningarráðs Norðurlands vestra ræðir menningarmál við nefndarmenn.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

Þórhallur bauð Ingiberg Guðmundsson velkominn á fundinn.

1. Ingibergur kynnti samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í menningarmálum. 42 styrkir úr menningarsjóði Norðurlands vestra hafa komið í A-Húnavatnssýslu. Kynntur var kulturkontakt Nord vettvangur lista, [www.nordice.is/kulturkontakt nord.html](http://www.nordice.is/kulturkontakt nord.html) og menningaráætlun ESB, [www.evropumenning.is](http://www.evropumenning.is)
2. Önnur mál.
  - Úthlutun Umhverfisviðurkenninga sem fram fór á Húnavöku 2008 er:
    - a. Fegursti garðurinn – Hlíðarbraut 3. Eigandi: Valdís Finnbogadóttir
    - b. Miklar framkvæmdir til fegrunar – Mýrarbraut 17. Eigendur: Elísabet Jónsdóttir og Jóhann Evensen.
    - c. Fyrirtæki sem sýnt hefur átak í umhverfis- og fegrunarmálum – Potturinn og pannan v/Norðurlandsveg 4. Eigendur: Björn Þór Kristjánsson og Lárus B. Jónsson.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 18.30

Þórhallur Barðason

Sigurlaug Markúsdóttir